

Sigrún spilar Sjostakovitsj

.....
FIMMTUDAGUR 10.5.12



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Konsert fyrir fiðlu og hljómsveit nr. 1 eftir Sjostakovitsj tekur um það bil 35 mínútur í flutningi en Sinfónía nr. 2 eftir Sibelius liðlega 45 mínútur að lengd.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok verka.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1.

Þeir verða síðan aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

BAKHJARLAR

BORGUN



GAMMA

SIGRÚN SPILAR SJOSTAKOVITSJ

.....
TÓNLEIKAR Í ELDBORG 10. MAÍ 2012 KL. 19.30
.....

Pietari Inkinen hljómsveitarstjóri
Sigrún Eðvaldsdóttir einleikari

.....
Dmitrij Sjostakovitsj *Konsert fyrir fiðlu og hljómsveit nr. 1 op. 77/99 (1947–48)*

Nocturne: Moderato

Scherzo: Allegro

Passacaglia: Andante

Burlesca: Allegro con brio – Presto

Hlé

Jean Sibelius *Sinfónía nr. 2 í D-dúr, op. 43 (1900–02)*

Allegretto

Tempo andante, ma rubato

Vivacissimo – Lento e suave –

Finale: Allegro moderato

Pietari Inkinen
hljómssveitarstjóri



Finnski hljómssveitarstjórinn Pietari Inkinen var skipaður aðalstjórnandi Sinfóníuhljómssveitar Nýja Sjálands árið 2008. Hann hefur hlotið einróma lof fyrir tónleikaferðir sínar með hljómssveitinni, sem og fyrir hljóðritanir þeirra hjá Naxos-forlaginu. Í nóvember 2010 hélt hann með sveitina í mikla tónleikaferð um Evrópu þar sem meðal annars var leikið í Vínarborg, Luzern, Genf, Frankfurt og Hamborg ásamt bandarísku fiðlustjórnum Hilary Hahn. Þá hefur hann nýverið tekið við stöðu aðalgestastjórnanda Fílharmóníuhljómssveitarinnar í Japan.

Inkinen hefur komið fram sem gestastjórnandi með fjölmörgum hljómssveitum: Dresden Staatskapelle, Gewandhaus í Leipzig, Útvarpshljómssveitinni í Bæjaralandi, La Scala í Mílanó, Sinfóníuhljómssveit Breska útvarpsins, Sinfóníuhljómssveitinni í Birmingham, og þannig mætti lengi telja. Hann hefur starfað með heimsþekktum einleikurum á borð við Vadim Repin, Jean-Yves Thibaudet, Pinchas Zukerman og Nikolaj Znaider, og hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda fyrir hljóðritanir sínar á símfóníum Sibelíusar á Naxos. Hann þreytti frumraun sína við Þjóðaróperuna í Berlín árið 2012, þar sem *Evgéní Onégin* var á efnisskránni. Þá stjórnaði hann *Vorblóti* Stravínskijs við La Monnaie í Brüssel í samvinnu við hinn heimskunna danshóp Pinu Bausch.

Inkinen er sjálfur hámenntaður fiðluleikari og nam hjá Zakhar Bron við tónlistarháskólann í Köln. Hann hefur komið fram sem einleikari með mörgum helstu hljómssveitum Finnlands og lék fiðlukonsert Sibelíusar með Fílharmóníuhljómssveitinni í Helsinki þegar þess var minnst að öld var liðin frá því að hljómssveitin flutti verkið í fyrsta sinn. Inkinen hefur nú dregið sig í hlé sem einleikari en leikur enn kammertónlist og hefur meðal annars komið fram með Inkinen-tríóinu á tónleikum í Wigmore Hall og St. John's Smith Square í Lundúnum.

Sigrún Eðvaldsdóttir

einleikari



Sigrún Eðvaldsdóttir hóf fiðlunám fimm ára gömul hjá Gígju Jóhannsdóttur í Barnamúsík-skólanum í Reykjavík. Hún lauk einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1984 hjá Guðnýju Guðmundsdóttur og bakkalárgráðu frá Curtis- tónlistarháskólanum í Filadelfíu árið 1988 þar sem hún lærði hjá Jaime Laredo og Jascha Brodsky. Samhliða námi þessu sótti hún einkatíma hjá hjónunum Almitu og Roland Vamos.

Sigrún hefur tekið þátt í fjölda alþjóðlegra fiðlukeppna og meðal annars unnið 2. verðlaun í Leopold Mozart-keppninni árið 1987, bronsverðlaun í Sibeliusar-keppninni árið 1990 og 2. verðlaun í Carl Flesch-keppninni 1992. Það sama ár hlaut hún bjartsýnisverðlaun Bröste. Hún hefur komið víða fram sem einleikari og í kammertónlist, m.a. á Marlboro tónlistarhátíðinni í Vermont í Bandaríkjunum, L'empéri tónlistarhátíðinni í Aix-en-Provence og Sangat tónlistarhátíðinni í Bombay á Indlandi. Einnig er hún reglulegur gestur á hátíðinni „Music Festivals at Sea“ á vegum P&O skipafélagsins og hefur siglt um heimsins höf með þeim og heimsótt framandi staði á þeirra vegum. Hún hefur komið fram sem einleikari í Weill Recital Hall í New York og Wigmore Hall í Lundúnum. Árið 2005 flutti hún ásamt Gerrit Schuil allar sónötur Beethovens fyrir fiðlu og píanó á Listahátíð í Reykjavík.

Sigrún hefur yndi af að leika nýja tónlist og hafa nokkur tónskáld samið sérstaklega fyrir hana verk og tileinkað henni. Hennar er getið sem einn af áhugaverðustu fiðluleikurum framtíðarinnar í bók Henrys Roth, *Violin Virtuosos from Paganini to the 21st Century*, sem kom út árið 1997 og einnig í tónlistartímaritinu *Le Monde de la Musique* árið 1998. Það ár var Sigrún sæmd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf sín á sviði tónlistar. Hún lék sem gestaleiðari í Konunglegu dönsku óperunni á uppfærslum á *Elektru* eftir Richard Strauss þegar gosið í Eyjafjallajökli stóð sem hæst. Á síðasta ári hélt hún í tónleikaferðalag til Kína ásamt Selmu Guðmundsdóttur. Hún hefur gegnt stöðu fyrsta konsertmeistara Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 1998 og lék síðast einleik með henni við opnun Hörpu í maí á síðasta ári.

Dmítrij Sjostakovitsj

Fíðlukonsert nr. 1



Tónskáld Sovétríkjanna áttu ekki sjö dagana sæla á meðan ofsóknir Stalíns gengu yfir lönd og lýð. Dmítrij Sjostakovitsj (1906–1975) var meðal þeirra sem fékk hvað harðasta útreið; hann var á 30. aldursári þegar *Pravda*, mál gagn Kommúnistaflokksins, birti hverja skammargreinina á fætur annarri um óperu hans, *Lafði Makbeð frá Mtsensk-héraði*, eftir að Stalín hafði látið svo lítið að sjá sig á sýningu og gengið út í miðju verki sótrauður af bræði. Allt frá árinu 1936 var tónsmíðaðerill Sjostakovitsj átakanlegur línudans; hann var ýmist tekinn á teppið og verk hans sett á svartan lista, eða honum var hampað fyrir „iðrunarverk“ eins og fimmtu sínfóníuna, sem hann kallaði sjálfur „Svar sovésks listamanns við réttmætri gagnrýni.“

Þegar kom að því að halda tónskáldum á flokkslínunni átti Stalín dyggan varðhund í manni að nafni Andrei Zhdanov, sem fór með málefni lista og menningar. Í janúar 1948 kallaði Zhdanov til fundar í Kreml þar sem helstu tónskáldum þjóðarinnar var lesinn pistillinn. Þau voru minnt á að „gríðarleg átök“ ættu sér stað innan sovéskrar tónsköpunar, þar sem berðust um athygli og yferráð „heilbrigð og framsækin“ list sem byggði á þjóðlegum arfi og ætti aðdáun alþýðunnar ósvikna, og „formalismi“, stíll sem væri alþýðunni óskiljanlegur og höfðaði einungis til „fámennrar klíku fagurfræðinga“, eins og það var orðað. Sjostakovitsj ávarpaði samkunduna og reyndi að bera blak af sér og kollegum sínum, en það bætti ekki úr skák. Þann 10. febrúar 1948 birtist harðorð greinargerð floksins þar sem mörg helstu tónskáld þjóðarinnar voru sökuð um „formalistískar afskræmingar og and-lýðræðisleg viðhorf“ í listsköpun sinni. Þeirra á meðal voru Sjostakovitsj, Prokofiev, Katsjatúrían og Míaskovskij.

Ekki þurfti að spyrja að afleiðingunum. Sjostakovitsj var sagt upp störfum við

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er í fjórða sinn sem fyrri fiðlukonsert Sjostakovitsj er fluttur á Íslandi. Pina Carmirelli lék verkið undir stjórn Jean-Pierre Jacquillat árið 1977, Una Sveinbjarnardóttir undir stjórn Bernharðar Wilkinsonar árið 1995, og Ari Þór Vilhjálmsson undir stjórn Baldurs Brönniman árið 2011.

báða tónlistarháskólana þar sem hann hafði sinnt kennslu um árabíl, í Moskvu og Leníngrad. Á opinberum bannlista stjórnvalda var að finna hvert verk hans á fætur öðru: sinfóníurnar nr. 6, 8 og 9, og auk þess eina verkið í konsertformi sem Sjostakovitsj hafði samið fram til þessa, píanókonsertinn op. 35 frá árinu 1933.

Þegar þessi ósköp dundu yfir var hann þegar farinn að semja fiðlukonsert, þann fyrri af tveimur, innblásinn af tónleikaröð sem fiðlusnillingurinn David Oistrakh hélt um þetta leyti og bar yfirskriftina „Þróun fiðlutónlistar“. En í slíku umhverfi ógnar og ótta átti kraftmikill og opinskár fiðlukonsert hvergi heima. Partítúrinn fór beint í skúffuna og lá þar í sjö ár; sömu örlög biðu lagaflokksins *Úr Gyðingaljóðum* sem varð til um svipað leyti. Næstu árin einbeitti Sjostakovitsj sér að gerð kvikmyndatónlistar – hann samdi músík fyrir sjö myndir á fimm árum – og til að hreinsa orðspor sitt samdi hann þjóðlega áróðursmúsík eins og *Skógarsöng*, kantötu fyrir tenór, bassa, risakór og hljómsveit, við texta sem ráðamenn höfðu lagt blessun sína yfir.

Að sjö árum liðnum – og Jósef Stalín látnum – var hægt að huga að frumflutningi. Upphaflega bar konsertinn ópusnúmerið 77, en þegar Sjostakovitsj dró hann aftur upp úr skúffunni fékk hann nýja ópustölu; ekki er þó vitað til þess að tónskáldið hafi endurskoðað verkið að neinu umtalsverðu leyti. Tileinkunina hlaut Oistrakh, sem frumflutti verkið í Leníngrad 9. október 1955 með Jevgéníj Mravinskíj við stjórnvölinn. Frumflutningurinn þótti takast með eindæmum vel og Oistrakh var himinlifandi. Hann skrifaði vini sínum skömmu fyrir flutninginn: „Það er fyrst nú sem ég geri mér ljóst að þetta er stórfenglegt verk; það á bæði hug minn og hjarta.“

Konsertinn er stórt og metnaðarfullt verk, í fjórum þáttum og tekur um 35 mínútur í flutningi. Hljóðfæravalið er líka óvenjulegt: Sjostakovitsj notar hvorki trompeta né básúnur, og þannig fær verkið dekkra og dempaðra yfirbragð en ella. Fyrsti þáttur er íhugult næturljóð; fiðlan leikur breiðar hendingar og yfirbragðið

er fremur drungalegt þótt stöku sinnum bregði fyrir bjartari hljómunum. Scherzóið á margt sameiginlegt með samnefndum þætti í 10. sinfóníu Sjostakovitsj, sem tónskáldið á að hafa sagt að væri mynd af Stalín í tónum. Fiðlan býður upp í hraðan og groddalegan dans, tónlistin á það til að afskræmast og hápunkti nær kaflinn þegar við bætist sílafónn, sem í tónlist 19. aldar var oft látinn tákna dansandi beinagrind dauðans. Eins og í allmörgum verkum sínum frá þessu skeiði notar Sjostakovitsj músíkalska undirskrift sína - D-S [Es]-C-H - til að gefa tónlistinni persónulegan og ögrandi blæ; sama leikinn lék hann í sinfóníum nr. 10 og 15, og í strengjakvartett nr. 8, svo aðeins séu nefnd þekktustu dæmin.

Þriðji kaflinn er tilfinningalegur miðpunktur verksins, *passacaglia*, eða tilbrigði yfir síendurtekna bassalínu. Þessi tónlist var fest á blað þegar verstu ofsóknir Zdanovs gengu yfir árið 1948, og ekki var þetta í fyrsta sinn sem tónskáldið sótti í gömul form barokktímans til að ljá tónlist sinni dýpt og tilfinningalegt vægi. Það sama hafði hann gert í píanótríói sínu nr. 2, sem hann samdi í miðri seinni heimsstyrjöldinni og sem einnig hefur áhrifamikla og átakanlega passacagliu sem þriðja þátt af fjórum. Þátturinn leiðir inn í langa einleikskadensu, en að henni lokinni snýr lokakaflinn öllu upp í kaldhæðnislegt grín enn eina ferðina. Hér fer einleikarinn á kostum í tilþrifamiklu glæsispili, og endurkoma passacagliustefsins myndar hápunkt þessa magnþrungna verks.

Jean Sibelius

Sinfónía nr. 2



Jean Sibelius (1865–1957) var illa á sig kominn síðla árs 1900. Yngsta dóttir hans var nýlátin úr taugaveiki, hjónabandið stóð á brauðfótum og hann reykti og drakk langt fram úr hófi. Það var góðvinur hans að nafni Axel Carpelan sem greip í taumana: „Þú verður að fara til Ítalíu! Þú manst hversu góð áhrif það hafði á Strauss og Tsjajkovskij að dveljast þar!“ Carpelan skrapaði saman 5000 finnskum mörkum og sendi Sibelius suður á bóginn. Listræni árangurinn lét heldur ekki á sér standa. Þegar Sibelius sneri aftur norður á bóginn eftir nokkurra mánaða dvöl í Rapallo, skammt suður af Genova, var hann með drög að sinfóníu í farteskinu. „Ég er ástfanginn upp fyrir haus [af nýja verkinu]. Ég get hreinlega ekki rifið mig frá því!“ skrifaði hann í maí. Þó var ekki augljóst frá byrjun hvers eðlis verkið yrði. Fagottsólóið í upphafi annars þáttar var upphaflega hugsað sem hluti af verki byggðu á sögninni um Don Juan, og hæga stefið síðar í sama kafla bar yfirskriftina „Christus“ í fyrstu atlögu.

Sibelius var þjóðlegt tónskáld og mörg verka hans byggja á finnskum þjóðararfi eins og kunnugt er. En hann varaði eigi að síður við því að hlustendur leituðu eftir þjóðernislegum „prógrömmum“ í sinfóníum sínum. Í viðtali árið 1934 sagði hann: „Sinfóníur mínar eru hugsaðar eingöngu út frá tónlistinni sjálfri. Ég er ekki bókmenntalega sinnað tónskáld – fyrir mér hefst tónlistin þar sem orðunum sleppir. Sinfónía á að vera tónlist fyrst og síðast.“ Þó hafa ýmsir viljað halda því fram að önnur sinfónía Sibeliusar hafi undirtón áróðurs fyrir sjálfstæði Finnlands – til dæmis hljómsveitarstjórnarnir Georg Schnéevoigt og Robert Kajanus, sem heyrði „tregablandin mótmæli“ í hæga kaflanum og „upplífandi sigur“ í lokapættinum. Aðrir heyra ávæning af finnsku landslagi í tónlist Sibeliusar, þótt örðugt sé að skilgreina nánar í hverju hið „norræna“ í tónlist hans felst.

Margt hefur verið skrifað um framvinduna í tónlist Sibeliusar, sem oft er ólík því sem við eigum að venjast úr hinni þýsk-austurrísku sinfóníuhefð. Fyrsti kafli

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Önnur *sinfónía Sibeliusar nýtur mikilla vinsælda og hefur Sí leikið hana fjórtán sinnum áður á tónleikum, oftast en nokkra aðra sinfóníu tónskáldsins. Meðal þeirra sem haldið hafa um tónsprotann eru Jussi Jalas, sem var tengdasonur Sibeliusar (1950 og 1974), Jóhann Tryggvason (1955), Karsten Andersen (1976), Osmo Vänskä (1996, m.a. á tónleikum í Carnegie Hall), Petri Sakari (1997 og 2008) og Yuri Temirkanov (2000).*

sinfóníunnar er ágætt dæmi. Það er almenn venja í sinfóníum og öðrum verkum í hinu svokallaða „sónötuformi“ – sónötum, tríóm, kvartettum, konsertum o.s.frv. – að hefja leikinn með breiðum og eftirminnilegum stefjum sem síðan eru bútuð niður í smærri einingar í úrvinnslu þegar líður á verkið. Sibelius fer þveröfugt að. Hann kynnir fyrst til sögunnar litla stefjabúta: nokkra endurtekna hljóma í strengjum, blítt og dansandi stef í óbómum og klarínettum, hádramatískt fiðlustef, veikt strengjaplokk, o.s.frv. Samhengið er ekki alltaf auðheyrt en eftir því sem líður á kaflann verða hendingarnar lengri, tengingarnar skýrari, flæðið betra. Sjálfur lýsti Sibelius tónsmíðaaðferð sinni svo: „Það er eins og sjálft almættið hafi fleygt niður mósaíkbútum af gólfi himnaríkis og sagt mér að púsla þeim saman.“ Það er einmitt þetta ferli sem við verðum vitni að í fyrsta þættinum.

Annar kafli hefst á pákuslætti og *pizzicato*-stefi í kontrabössum og sellóum, sem fagottin bætast síðan ofan á. Ekki líður á löngu þar til leikurinn æsist til muna, strengir og blásarar kallast á og tónlistin nær tilþrífamiklum hápunkti á sterkum málmblasturshljómum áður en allt dettur aftur í dúnalogn. Í þrjá takta ríkir ólýsanleg kyrrð, með undurbliðum en þykkum strengjahljómum, en þá fer allt af stað á ný. Úrvinnslan einkennist af iðandi sköllum og suðandi fiðlutrillum sem Sibelius notar oft í tónlist sinni – stef sem hreyfast varla úr stað en eru samt fullt af orku. Tónlistin verður bútakenndari eftir því sem líður á kaflann, eins og við verðum vitni að öfugri þróun við þá sem setti fyrsta þátt af stað.

Scherzóíð hefst á öðru suðandi stefi í fiðlum sem virðist keyra allt í kaf sem á vegi þess verður, til dæmis litla stefjabútinn sem flauta og fagott reyna að leggja til málanna. Kaflinn æðir áfram á fleygiferð þar til kemur að hægari millikafla þar sem einleiksóbo er í forgrunni. Þegar scherzóíð snýr aftur er eins og það vilji stefna

annað en áður, og eftir styttri útgáfu af óbótöktunum er ljóst að ný hugmynd er í uppsiglingu. Kaflinn rennur að lokum saman við lokapáttinn, þar sem kennir ýmissa grasa. Tignarlegt aðalstefið er þó mjög í sviðsljósinu og leiðir okkur að lokum inn í mikilfenglegan D-dúr lokahljóminn.

ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON

Á döfinni

Föstudagur 25.05.12 kl. 19.30.

Rómeó og Júlía á Listahátíð í Reykjavík



Hector Berlioz *Rómeó og Júlía*

Fjöldi ógleymanlegra tónverka hefur orðið til undir áhrifum af harmleikjum Shakespeares. Eitt hið stærsta og óvenjulegasta er *Rómeó og Júlía* eftir franska meistarann Hector Berlioz sem hann kallaði „dramatíska sínfóníu“. Hér er sínfóníuformið teygt í ýmsar áttir svo úr verður eins konar bræðingur hljómsveitarverks og óperu. Eitt það sem gerir nálgun tónskáldsins svo óvenjulega er að margir dramatískustu þættir sögunnar eru túlkaðir af hljómsveitinni eingöngu.

Sveinn Dúa Hjörleifsson hefur vakið hrifningu fyrir silkimjúka tenórrödd sína og Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir söng sinn en hún var einn söngvaranna sem kynntir voru í þættinum Átta raddir í Ríkisútvarpinu. Franski bassasöngvarinn Nicolas Cavallier fer með hlutverk Bróður Lárens í þessari uppfærslu. Hann kemur beint til Íslands eftir að hafa sungið í *Rómeó og Júlíu* við Bastilluóperuna í París.

Ilan Volkov *hljómsveitarstjóri*

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir *mezzósópran*

Sveinn Dúa Hjörleifsson *tenór*

Nicolas Cavallier *bassi*

Hljómeyki, Kór Áskirkju,

Söngsveitin Fílharmónía

Magnús Ragnarsson *kórstjóri*

Á döfínni

Fimmtudagur 07.06.12 kl. 19:30

Föstudagur 08.06.12 kl. 19:30

Beethoven-Hringurinn IV



Ludwig van Beethoven *Sinfónía nr. 8*

Ludwig van Beethoven *Sinfónía nr. 9*

Hannu Lintu *hljómsveitarstjóri*

Hulda Björk Garðarsdóttir *einsöngvari*

Andrew Kennedy *einsöngvari*

Ágúst Ólafsson *einsöngvari*

Mótettukór Hallgrímskirkju

Hörður Áskelsson *kórstjóri*

Sinfóníuhljómsveitin lokar Beethovenhringnum með tveimur síðustu sífóníum meistarans, sem báðar eru stórbrotin verk hvor á sinn hátt. Sú áttunda er smærri í sniðum, kraftmikil en býr einnig yfir ljóðrænni mýkt. Níunda sífónían er eitt frægasta og áhrifamesta verk sígildrar tónlistar. Flutningur Níundu sífóníunnar að þessu sinni er tileinkaður aldarminningu dr. Róberts Abrahams Ottóssonar, sem fæddist í Berlín 17. maí 1912 en fluttist til Íslands árið 1935 þegar nasistar höfðu gert gyðingum óbærilegt að starfa í Þýskalandi. Hér vann hann margs konar sigra, ritaði merka doktorsritgerð um Þorlákstíðir, stofnaði Söngsveitina Fílharmóníu og stýrði Sinfóníuhljómsveit Íslands á yfir 70 tónleikum. Í febrúar 1966 stjórnaði Róbert fyrsta flutningi Níundu sífóníunnar á Íslandi, en þá var hún flutt fimm sinnum fyrir fullu Háskólabíói.

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

10. maí 2012

1. FIDLA

Sif Margrét Tulinius
Andrzej Kleina
Zbigniew Dubik
Una Sveinbjarnardóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Pálína Árnadóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Laufey Sigurðardóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Lin Wei

2. FIDLA

Greta Guðnadóttir
Ari Þór Vilhjálmsson
Christian Diethard
Dóra Björgvinsdóttir
Joanna Bauer
Helga Steinunn Torfadóttir
María Weiss
Kristján Matthíasson
Lilja Hjaltadóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Þórdís Stross

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison B
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Þórarinn Már Baldursson
Sesselja Halldórsdóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Sarah Buckley
Helga Þórarinsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Margrét Árnadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Guðrún Th. Sigurðardóttir
Auður Ingvadóttir
Lovísa Fjeldsted
Helga Björg Ágústsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

KLARINETT

James Meldrum
Einar Jóhannesson
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Rúnar Vilbergsson
Darri Mikaelsson
Brjánn Ingason

HORN

Emil Friðfinnsson
Þorkell Jóelsson
Lilja Valdimarsdóttir
László Czenek

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Oddur Björnsson
Sigurður Þorbergsson
Eric Klay, bassabásúna

TÚBA

Aaron Tindall

HARPA

Katie Buckley
Elisabet Waage

CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink

Það er alltaf nóg að gera!

Borgun gerir það eins auðvelt og hægt er.



Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is

BORGUN
AÚDVELDAR VIÐSKIPTI

GAMMA er einn aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands



GAMMA er óháð fjármálafyrirtæki sem rekur fjölbreytt úrval
verðbréfa- og fagfjárfestasjóða
Klapparstígur 29, 101 Reykjavík, Sími 540 3285, www.gamma.is



GAMMA
GAM Management hf